

Nd.

94. Frumvarp til laga

[69. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum nr. 93 31. des. 1953.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

1. málsg. 10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri, allt að tveim fimmtu kostnaðar, en öðrum bæjarfélögum og sveitarfélögum allt að tveim þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um sjúkrahús eru ákvæði, er mæla svo fyrir, að bæjarfélög, hversu lítil sem þau eru, beri mun þyngri byrðar við byggingu sjúkrahúsa og læknisbústaða en hreppsfélög. Nú hagar svo til, sem kunnugt er, að ekki allfá hreppsfélög eru mun fjölmennari en t. d. minnsta bæjarfélagið. Þessi hreppsfélög hafa enn fremur eins mikið og meira fjárhagslegt bolmagn en lítil bæjarfélög til að standa straum af dýrum framkvæmdum, eins og t. d. sjúkrahúsbyggingum. Þrátt fyrir þetta er þessum bæjarfélögum ætlað að bera mun þyngri útgjöld.

Með frv. þessu er lagt til, að þetta misrétti verði leiðrétt þannig, að þau bæjarfélög, sem hafa innan við 1500 íbúa, njóti sama réttar til styrks úr ríkissjóði til sjúkrahúsbygginga og sveitarfélög.